

## Lagabreytingatillögur frá fjórum félögum fvb

Hallgerði Hauksdóttur, formanni fvb  
Valgerði Gísladóttur, varaformanni fvb  
Ásu Björg, er í fræðslunefnd fvb  
Evu Maríu Guðmundsdóttur, félagi í fvb

---

### Úr 21 gr

#### Endurmenntun félagsmanna

21. gr.

Félagsmaður skal á hverju þriggja ára tímabili sækja endurmenntun sem félagið viðurkennir, sem svarar til 45 eininga, sbr. 2. mgr. Heimilt er að víkja frá þessu ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda.

#### Tillaga að breytingu á 21gr/1

Félagsmaður skal á hverju ~~ári þriggja ára tímabili~~ sækja endurmenntun sem félagið viðurkennir,

sem svarar til ~~45~~ 10 endurmenntunareininga, sbr. **skilgreiningu hér að neðan**. ~~2. mgr.~~ Heimilt er **stjórn að leyfa félagsmönnum að víkja frá þessu ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda og færa kröfu um skil á endurmenntunareiningum á milli ára, allt að þremur árum. Endurmenntunareiningar dreifast þó ekki á milli ára byggt á tímalengd námskeiða.**

#### Eftir breytingu á 21 gr/1:

Félagsmaður skal á hverju ári sækja endurmenntun sem félagið viðurkennir, sem svarar til 12 endurmenntunareininga, sbr. skilgreiningu hér að neðan. Heimilt er stjórn að leyfa félagsmönnum að víkja frá þessu ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna veikinda og færa kröfu um skil á endurmenntunareiningum á milli ára, allt að þremur árum. Endurmenntunareiningar dreifast þó ekki á milli ára byggt á tímalengd námskeiða.

---

### úr 21 gr

Einingar skulu reiknaðar sem hér segir:

Fundir og námskeið á vegum fvb eða önnur námskeið sem félagið viðurkennir

Hálfsdags námskeið eða ráðstefna: 7,5 einingar

Heilsdags námskeið eða ráðstefna: 15,0 einingar

Önnur fagnámskeið og fræðslufundir: 1,5 eining pr. klst.

#### Tillaga að breytingu á 21 gr/2:

**Endurmenntunareiningar** skulu reiknaðar sem hér segir:

~~Hálfsdags námskeið eða ráðstefna: 7,5 einingar~~

~~Heilsdags námskeið eða ráðstefna: 15,0 einingar~~

~~Önnur fagnámskeið og fræðslufundir: 1,5 eining pr. klst.~~

Fundir og námskeið á vegum fvb eða önnur námskeið sem félagið viðurkennir: **ein endurmenntunareining fyrir hverja klukkustund sem námskeiðið stendur óháð tímalengd.**

#### Eftir breytingu á 21 gr/2:

Endurmenntunareiningar skulu reiknaðar sem hér segir:

Fundir og námskeið á vegum fvb eða önnur námskeið sem félagið viðurkennir: **ein endurmenntunareining fyrir hverja klukkustund sem námskeiðið stendur, óháð tímalengd.**